

# HEIMIR



IX ÁRGANGUR

WINNIPEG, 1914

12 BLAD

## Vagga mannkynsins.

Eitt af því sem menn hefir lengi fýst að vita er, hvar bústaður fyrstu manna hafi verið og hversu hár aldur mannkynsins sé. Óteljandi rannsóknir hafa verið gerðar í því skyni að komast að þessu síðan vísindamenn hættu að leggja trúnað á sköpunarsöguna í fyrstu bók Móse: en þrátt fyrir það er fjölda margt því víðvíkjandi, sem einþá er engin víska fengin fyrir og fæst, ef til vill, aldrei. Og það er náttúrulegt að margt sé í mjög mikilli óvissu í því efni, þar sem fara verður svo langt aftur í tímann að elztu rit, sem heimurinn á, koma að engu haldi, svo langt, að jörðin hafði einu sinni ekki sama útlit þá og hún hefir nú. Eina sannanagögnin, sem unt er að fá, eru leifar af bústöðum og áhöldum, sem finnast í jörðinni, ásamt fáeinum steinrunnum beinum. En þessi sannanagögn eru mjög ábyggileg þó að þau skýri ekki frá mörgu: miklu ábyggilegri en margt, sem hefir verið fært í letur bæði fyr og síðar; og með hjálp þeirra hafa menn komist að ýmsum mjög sennilegum niðurstöðum.

Sumir vísindamenn hafa haldið fram, að ólíkir mannflokkar, svo sem hvíti og svartir flokkurinn, gæti ekki átt sameiginlegan uppruna. Skoðun sinni til stuðnings hafa þeir bent á mismun á líkamsbyggingu, höfuðlaginu sérstaklega, og þó allra helst á mismun tungumálanna, sem þeir fullyrða, að ekki geti öll verið af sömu rót